



Alþingi
Erindi nr. P 130/204
komudagur 20.11.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Ágúst G. Ágústssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. nóvember 2003

Sam 308/2003 PS/sp
Tilv.: 215,0

Efni: Frumvarp til laga um tryggingagjald

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. nóvember, var lagt fram bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 15. október 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um tryggingagjald, 89. mál.

Stjórnin gerði eftirfarandi samþykkt:

„Í ljósi umræðna að undanförunu um mikinn kostnað við fæðingarorlof vill stjórnin taka fram að við þessa lagabreytingu sé tækifæri til að nýta það fjármagn sem sparast til þess að efla fjárhagsgrundvöll Fæðingarorlofssjóðs sem fjármagnaður er með hluta tryggingagjalds. Með því móti má auka líkur á því að staðið verði við fyrirheit sem gefin voru við setningu laga um fæðingar- og foreldraorlof um að þau lög muni ekki leiða til hækkunar tryggingagjalds. Stjórnin leggur því til að frumvarpinu verði breytt til samræmis við framangreint.“

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri